

140
17. júlí

2. gr.

Innkaupaheimild sú, sem gefin var samkvæmt reglugerð nr. 97 12. maí 1945, sbr. auglýsingu ráðuneytisins sama dag, gildir aðeins til 1. ágúst, en ekki til 1. september.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

141
17. júlí

AUGLÝSING

um skömmtun á erlendu smjöri.

Samkvæmt reglugerð, útgefinni í dag, löggildist hér með stofnauki nr. 5, sem fylgir skömmtunarseðlum fyrir tímabilið 1. júlí til 1. október, sem innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g) af erlendu smjöri, og gildir hann sem innkaupaheimild fyrir þessu magni til 1. nóvember n. k.

Verð þess smjörs, sem selt er gegn þessari innkaupaheimild, er kr. 6.50 hvert enskt pund (453 g).

Viðskiptamálaráðuneytið, 17. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.

142
8. ágúst

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Þar sem Gísli Guðmundsson alþingismaður hefur sagt af sér þingmennsku sakir vanheilsu, er nú orðið autt sæti alþingismanns fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.

Fyrir því er hér með, samkvæmt 135. gr. laga nr. 80 frá 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skipað svo fyrir, að kosning skuli fara fram þriðjudaginn 18. sept. 1945 á alþingismanni fyrir Norður-Þingeyjarsýslu í stað hins fráfarra þingmanns, og er framboðsfrestur útrunninn 17. þ. m.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. nefndra laga er mælt svo fyrir, að auglýsingarfrestur sá, er getur í málsgreininni, skuli falla niður og samkvæmt heimild í 23. gr. sömu laga er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. gr. laganna, stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.

Loks styttestími sá, er kjörskrár eiga að liggja frammi, þannig að hann verður 2 vikur, sbr. 3. mgr. 19. gr. kosningalaganna.